

16. janúar 2019 18:07

Fljótsdalshérað kynnir breytingu á aðalskipulag.

Landeigendur hafa áhuga á að fara í uppbyggingu á jörð sinni til að taka á móti vaxandi straumi ferðamanna. Eftir að Stuðlagil, stuðlabergsgil í Jökulsá á Dal, varð vinsælt meðal ferðamanna hefur umgangur um svæðið aukist og fyrirhuguð er uppbygging innviða til að taka á móti ferðamönnum. Sveitarfélagið hefur því í samvinnu við landeigendur hafið undirbúning tillögu að breyttu aðalskipulagi fyrir svæðið.

Samkvæmt Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er jörðin skráð sem landbúnaðarsvæði. Búskap var hætt kringum 1995 en túnin hafa verið nýtt síðan. Við bæjarstæðið er tilgreint frístundabyggðarsvæði F12 en það er í flokki þeirra svæða þar sem skipulagið heimilar allt að 10 frístundahús. Gera má ráð fyrir að með breytingunni muni F12 hverfa en í staðinn koma punktafmörkun svæðis í flokki verslunar- og þjónustusvæða.

Verkefnislýsing þar sem gerð er grein fyrir ofangreindri breytingu á aðalskipulaginu er í fylgiskjali, jafnframt er lýsingin aðgengileg á vef sveitarfélagsins www.fljotsdalsherad.is. Óskað er eftir því að ábendingar komi fram fyrir 23. janúar 2019. Ábendingar má senda til skipulagsfulltrúa í tölvupósti á netfangið gunnlaugur@egilsstaðir.is eða í bréfi til bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs.

f.h. Bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs

Kveðja

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fljótsdalshérað
Lyngás 12
700 Egilsstaðir
